

HAFNARFJÖRÐUR

UNDIRHLÍÐAR, EFNISTÖKUSVÆÐI

FJÖLGUN HÁSPENNULÍNA OG BREYTT VATNSVERNDAR OG HVERFISVERNDARMÖRK

BREYTING Á DEILISKIPULAGI TIL SAMRÆMIS VIÐ AÐALSKIPULAG

UMHVERFISSKÝRSLA – TILLAGA, NÓVEMBER 2016

Landslag ehf. fyrir hönd Hafnarfjarðar vinnur að breytingu á *deiliskipulag Undirhlíðar, efnistaka og frágangur* til að samræma deiliskipulagið við aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.

Um er að ræða þriðju breytingu á deiliskipulagi sem upphaflega var samþykkt 21.12.2005. Fyrsta breyting var 10.05.2006 og önnur breyting er gildandi skipulag samþykkt 28. nóvember 2006 og öðlaðist gildi 16. mars 2007.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi breytingu frá gildandi deiliskipulagi:

- Fjöldun háspennulína úr einni í þrjár og færsla á helgunarmörkum til norðurs til samræmis við gildandi Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.
- Breytt afmörkun vatnsverndar til samræmis við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 og samþykkt nr. 555 frá 19. júní 2015 um verndarsvæði vatnsbólá innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- Breytt afmörkun hverfisverndar til samræmis við Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025.
- Bæta þarf við núverandi slóða, stuttum tengingum að áætluðum möstrum.

Fyrir utan fyrirhugaðar breytingar mun gilda áfram deiliskipulag *Undirhlíðar, efnistaka og frágangur* sem öðlaðist gildi 21.12.2005, m.s.br.

1 Umhverfisskýrsla

Umhverfisskýrsla þessi er fylgiskjal með uppdrætti deiliskipulagsbreytingar ásamt greinargerð, auglýst 29.11.2016.

1.1 Inngangur

Eftirfarandi framkvæmd, sem gert er ráð fyrir í breyttu deiliskipulagi, fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, vegna liðar 3.08 í fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Framkvæmdin fellur undir flokk A, framkvæmdir sem ávallt eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

3. Orkuíðnaður.

3.08. Loftlínur til flutnings á raforku með 66 kV spennu eða hærrí. Sæstrengir til flutnings á raforku með 132 kV spennu eða hærrí sem eru 20 km eða lengri.

Megin tilgangur þessarar umhverfisskýrslu er að greina frá helstu mögulegum umhverfisáhrifum sem framkvæmd deiliskipulagsbreytingar er líkleg til að hafa á umhverfi og segja til um það hvort þessi áhrif í heild sinni geti orðið veruleg í skilningi laga nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana.


Í 1. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 kemur fram að markmið þeirra sé að stuðla að sjálfbærri þróun, draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og stuðla að því að við gerð framkvæmda- og skipulagsáætlana sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Markmiðið með matsvinnunni er jafnframt að sýna fram á að við gerð breytingar á deiliskipulagi hafi verið litið til helstu afleiðinga fyrir umhverfið.

Matslýsing var unnin í samráði við Skipulagsstofnun. Matsvinna var unnin samhliða deiliskipulagsbreytingu.

1.2 Staðhættir

Undirhlíðar eru svæði sem tilheyrr vesturhluta gosbeltis sem liggur eftir endilöngu Reykjanesi norður í Langjökul. Hlíðarnar eru samansettar úr mörgum móbergshryggjum, með ávalar hlíðar, misgengi og dalverpi. Einkenni á landslagsformum eru aflíðandi hlíðar. Á svæðinu er að finna gervigíga og misgengi. Gróðurþekju er mestmegnis að finna í vestur- og austurhluta hlíðanna. Toppur Undirhlíða er mestmegnis gróðurlaus melur, með einkenni bersvæðisgróðurs: melgróður og hnulungaskriða. Efsti toppur hlíðanna er um 170 m yfir sjávarmáli.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar gróðursetti í vesturhluta hlíðanna á tímabilinu 1950-1975. Þar er að finna dæmigerða skógrækt frá þessum tíma og notaðar hafa verið tegundir eins og; sitkagreni, blágreni, stafafura, bergfura, lerki og birki.



Mynd 1 Loftmyndir yfir svæðinu

1.2.1 Fornminjar og þjóðleiðir

Fornleifakönnun var endurbætt og nánari upplýsingar skráðar um þekktar minjar, *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Undirhlíðum, Hafnarfirði*. Bjarni F. Einarsson 2017). Fornleifakönnun var gerð árið 1998 af hluta svæðisins og árið 2003 var Dalaleið könnuð. Á svæðinu er að finna sex fornleifar og fornar þjóðleiðir, sjá einnig *Matsskýrslu: Mat á umhverfisáhrifum frá mars 2004*. Einnig hefur verið gerð skráning í tengslum við Suðvesturlínu: *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulínu frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ frá 2009*.

1.2.2 Akvegir og slóðar

Í gegnum svæðið í dag liggur Bláfjallavegur, þjóðvegur. Á svæðinu er að finna þjónustuslóða að háspennulínu ofan á barmi námunnar norðaustan megin.

Á svæðinu má sjá aðra vegslóða en samkvæmt skipulagi er ekki fyrirhugað að festa þá í sessi.

1.2.3 Háspennulína

Í norðurenda svæðisins er staðsett háspennulína Landsvirkjunar, með helgunarsvæði um 40 m hvoru megin, tvö möstur eru innan deiliskipulagssvæðisins.

1.2.4 Reykjanesfólkvangur

Skipulagssvæðið er að hluta til innan Reykjanesfólkvangs. Um Reykjanesfólkvang gilda lög nr. 47/1971. Innan svæðisins er að finna jarðmyndanir sem falla innan verndarákvæða náttúruverndarlaga. Lögð verður áhersla á að vernda þessar jarðmyndanir og lagt er til að merkja þær á svæðinu.

1.4.8 Vatnsvernd

Svæðið var allt innan grannsvæðis vatnsverndar en með tilkomu nýrrar samþykktar nr 555 frá 19. júní 2015 er grannsvæðinu aflétt af stórum hluta deiliskipulagssvæðisins. Auk grannsvæðis er hluti deiliskipulagssvæðisins undir fjarsvæði vatnsverndar.

1.2.5 Hverfisvernd Undirhlíðar

Hverfisvernd eru svæði sem falla undir vernd sem bæjarfélagið samþykkir að vernda vegna náttúru, umhverfis, útivistar, menningarsögulegs- og/eða listræns gildis.

Vernda skal náttúrulega gróðurþekju, mosa, lynggróður, skógrækt, fornar þjóðleiðir, fornminjar og gervigíga. Svæðin eru tengd saman, þannig að þau mynda samfellda heild. Allar framkvæmdir eða breytingar innan hverfisverndar eru háðar umfjöllun í nefndum, skipulags- og byggingarráði, bæjarráði og bæjarstjórn.

1.3 Áherslur og aðferðafræði

Í vinnu við breytingu á deiliskipulagi var farið yfir hvaða þætti væri æskilegt að skoða m.t.t. umhverfisáhrifa, hversu nákvæmlega og hvaða umhverfisþættir og viðmið yrðu lögð til grundvallar við mat á umhverfisáhrifum breytingarinnar.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis.

Stuðst er við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

Framsetning umhverfismats er í formi texta og venslataflna.

1.4 Kynning og samráðsaðilar

Samráð verður haft við eftirfarandi umsagnaraðila á auglýsingartíma deiliskipulagsbreytingarinnar:

- Skipulagsstofnun
 - Lögbundin umsagnaraðili vegna umhverfismats áætlana.
- Umhverfisstofnun.
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis
- Landsnet


1.5 Umhverfisþættir

Umhverfisþættirnir eru valdir út frá þeim aðstæðum sem eru á skipulagssvæðinu.

Í umhverfisskýrslu vegna breytingar á deiliskipulagi verða eftirfarandi umhverfisþættir metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Landslag og sjónræn áhrif
- Grunnvatn / verndarsvæði
- Jarðmyndanir
- Minjar
- Útivist og ferðaþjónusta
- Dýralíf og gróður

Aðrir umhverfisþættir eru ekki taldir verða fyrir áhrifum innan deiliskipulagssvæðisins.



Mynd 2 Núverandi staðhættir

1.6 Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Eftirfarandi umhverfisviðmið verða lögð til grundvallar:

- Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025
- Samþykkt nr. 555 19. júní 2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar.
- Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á suðvesturlandi, matskýrsla, 10. ágúst 2009
- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlína 17. september 2009.
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
 - Sérstaklega m.t.t. 10 gr. laganna
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012
 - Sérstaklega m.t.t. kafla VI.

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- (+) *Jákvæð áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulagsbreyting styður viðmið viðkomandi umhverfisþátta.*
- (0) *Óveruleg áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulagsbreyting hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfisþátt.*
- (-) *Neikvæð áhrif á umhverfisþátt.*
 - *Deiliskipulagsbreyting vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfisþátta.*

1.7 Valkostir

Sá þáttur breytingar á deiliskipulagi sem talinn er að geti haft möguleg umhverfisáhrif er þessi:

- Tvær nýjar 400 kV háspennulínur, en fyrir er ein 200 kV lína.

Aðrir þættir deiliskipulagsbreytingarinnar eru ekki taldir hafa verulega umhverfisáhrif.

Borin eru saman möguleg umhverfisáhrif vegna framkvæmdar deiliskipulagsbreytingar við líklega þróun umhverfis án framfylgdar breytingarinnar, núll kost.

Gert er ráð fyrir að metin verði og borin saman áhrif breytingarinnar við líklega þróun umhverfis án framfylgdar breytingarinnar, núll kost.

Í umhverfisskýrslu verður fjallað um hvernig breytingin fellur að meginmarkmiðum gildandi aðalskipulags.

1.7.1 Tvær nýjar háspennulínur

1.7.1.1 Landslag og sjónræn áhrif

Innan deiliskipulagssvæðisins er þegar talsvert rask vegna námu sem var lengi í notkun en er nú hætt og hefur verið gengið frá. Fjölgun háspennulína um tvær verður norðan við núverandi línu og því nær Gvendarselshæð og Helgafelli sem eru vinsæl göngusvæði. Áætluð staðsetning á möstrum innan skipulagssvæðisins er á móbergshryggnum en ekki nútímahrauni.

Til að minnka sjónræn áhrif var strax við undirbúning Suðvesturlína miðað við að leggja nýjar línur samsíða núverandi línum, samræma útlit mastra og láta þau standast á og nýta núverandi slóðir eins og kostur er. Þrátt fyrir þær aðgerðir er þó talið að fjölgun háspennulína hafa töluvert neikvæð áhrif á landslag og sjónræn áhrif.

1.7.1.2 Grunnvatn / verndarsvæði

Miklar kröfur eru gerðar um varúðarráðstafanir á framkvæmdatíma. Í matsskýrslu *Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á suðvesturlandi, 2009* kemur fram:

- *Óheimilt er að vinna innan grann- og brunnsvæða frá nóvemberbyrjun og út mars.*
- *Til að hindra að mengunarslys með varanlegum afleiðingum verði á vatnsverndarsvæði verður gerð sú krafa að verktakar og aðrir sem vinna þar lágmarki umferð með olíu um svæði þar sem berggrunnur er gropinn. Jafnframt verður þess krafist að á grann- og brunnsvæðum verði öllum tækjum lagt á þar til gerða dúka sem safna í sig olíu og glussa ef leki á sér stað og að einnig verði olíuhreinsunarútbúnaður alltaf til taks nálægt vinnuvélum.*
- *Til að lágmarka enn frekar þá mengunarhættu sem skapast við framkvæmdir verður fullnægjandi ástand vinnutækja tryggt, ásamt fullnægjandi innra og ytra eftirliti.*
- *Undir spennum í tengivirkjum verða olíugildirur og sérstakur eftirlitsbúnaður til að tryggja að hugsanlegur olíuleki berist ekki út í umhverfið og geti valdið mengun.*
- *Til að minnka dreifingu þungmálma á grann- og fjarsvæðum vatnsverndar verður haft strangt eftirlit með gæðum og efnissamsetningu galvanhúðar á möstrum og þess gætt eins og kostur er að undirstöðuplan og línuvegur séu höfð á svæði sem snýr undan aðalúrkomuátt.*

Jafnframt er gert ráð fyrir að eftir að framkvæmdum ljúki verði línuslóð frá Sandskeiði að Undirhlíðum lokað fyrir almennri umferð ökutækja, í samráði við landeigendur og heilbrigðiseftirlit, og merkt sérstaklega, bæði til að lágmarka mögulega mengunarhættu á vatnsverndarsvæðum og verja umliggjandi gróður.

Ekki er talið að áhrif á grunnvatn og verndarsvæði verði veruleg vegna fjölgun háspennulína á þessu svæði ef öllum varúðarráðstöfunum verður fylgt eftir. Því er mikilvægt að gott samstarf verði við Heilbrigðiseftirlitið vegna framkvæmda innan grannsvæðisins.

1.7.1.3 Jarðmyndanir

Undirhlíðar eru svæði sem tilheyrir vesturhluta gosbeltis sem liggur eftir endilöngu Reykjanesi norður í Langjökul. Hlíðarnar eru samansettar úr mörgum móbergshryggjum, með ávalar hlíðar, misgengi og dalverpi. Einkenni á landslagsformum eru aflíðandi hlíðar. Á svæðinu er að finna gervígiga og misgengi.

Línurnar liggja yfir gossprungu Kapelluhrauns, en þar er að finna fjölda gjall- og klepragíga á sprungunni sem ekki ætti undir neinum kringumstæðum að raska. Þau svæði sem jarðfræðingur tilgreinir í hættu vegna framkvæmda verða merkt.

Möstrin sem gert er ráð fyrir innan deiliskipulagsins verða staðsett á móbergshryggnum, tvö (núverandi) möstur eru vegna núverandi línu og fjögur norðan af þeim vegna nýju línanna. Möstrin valda ekki miklu raski á jarðmyndunum en sem hluti langrar háspennulínu sem fer yfir óröskuð hraun munu áhrifin vera talsvert neikvæð. Sérstaklega þarf að gæta varúðar á framkvæmdartíma og virða ábendingar jarðfræðings.

Fjölgun háspennulína ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á jarðmyndanir innan marka deiliskipulagsins.

1.7.1.4 Minjar

Fornleifakönnun var endurbætt og nánari upplýsingar skráðar um þekktar minjar, *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í Undirhlíðum, Hafnarfirði*. Bjarni F. Einarsson 2017. Þessi skráning er byggð á könnunum sem gerðar voru árið 1998 og árið 2003 var Dalaleið könnuð.

Á svæðinu eru skráðar 8 fornleifar undir fimm númerum. Þær eru:

Nr. og teg.	Varðveislugildi	GPS staðsetning Isn 93
210:1-4 Gvendarsel, lítilfjörlegt sel frá Görðum, fjórar rústir	8	E 359295 N 392023
211:1 Undirhlíðarvegur, gömul þjóðleið sem lá til Krýsuvíkur. Undirhlíðarvegur er spilltur á kafla þar sem Bláfjallavegur fer yfir hann.	7	E 358918 N 392026
212:1 Óþekktar rústir í gíg vestan við Bláfjallaveg.	6	N 63°59.51 W 021°53.46
286:1 Dalaleið, forn þjóðleið sem liggur til Krýsuvíkur.	6	E 359323 N 391950
353:1 Varða	2	E 358335 N 390986



Minjarnar eru staðsettar á deiliskipulagsupprætti en nánari afmörkun minjanna má sjá á mynd 3. Ekki er vitað um aðrar fornminjar eða menningarverðmæti innan deiliskipulagssvæðisins.

Í matsskýrslu *Suðvesturlínur, styrking raforkuflutningskerfis á suðvesturlandi, 2009* kemur fram:

Suðvestan Helgafells liggja tvær samsíða fornleiðir í SV-NA átt þvert yfir núverandi línustæði, þ.e. Dalaleið (Hfj. nr. 286) og Undirhlíðarvegur (Hfj. nr. 211). Dalaleiðin lá milli Hafnarfjarðar og Krýsuvíkur, en taldist ekki höfuðleið þó hún væri styst, og var oftast farin á vetrum. Við leiðina standa ógreinilegar rústir, Gvendarsel (Hfj. nr. 210), en staðurinn hefur hæsta minja- og varðveislugildi á umræddri línuleið, ásamt Forna- og Gjáseli, eða 8 hvert um sig. Undirhlíðarvegurinn er ekki mjög greinilegur, en á stöku stað má sjá rás í hraunhelluna. (bls 160-161)

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins um fornminjar í matsskýrslu Suðvesturlína kemur meðal annars fram:

Í frummatsskýrslu segir að engar fornleifar séu taldar í beinni hættu vegna framkvæmda. Í töflu á bls. 8 og 9 í fornleifaskráningarskýrslu kemur fram að tvær af leiðunum, Dalaleið og Undirhlíðarvegur séu í hættu vegna nálægðar við námu (Undirhlíðanámu). Í fornleifaskráningunni sjálfri kemur hins vegar fram að öllum leiðunum stafi mikil tímabundin hættu vegna línulagnar. Í frummatsskýrslu er greint frá því að á nær allri leiðinni megi nýta núverandi línuslóða og lágmarka rask. Ekki er ljóst hvort raska þarf gömlu leiðunum frekar en orðið er. Ef göturnar raskast vegna framkvæmda er nauðsynlegt að þær verði mældar inn með GPS-tæki og þær ljósmyndaðar. Ef ekki verður komist hjá raski á leiðunum þarf að sækja um leyfi Fornleifaverndar ríkisins til að fjarlægja hluta þeirra, sbr. 10. gr. þjóðminjalaga.



UNDIRHLÍÐAR
DEILISKIPULAGSBREYTING
MINJAR

KVARNÍ-A4: 1:1000	TEKNI NR: 102
DAGS: 04.04.2017	HANNAÐ: irg
FLOKKUR: 1400-hafn_A	TEIKNAD: irg/hn/er
SKRÁ: 10149-minjar.dwg	VERKNR: 10149

Mynd 3 Uppmældar minjar nr. 210:1-4 og 212:1.

Einnig kemur eftirfarandi fram um minjar tengdar Gvendarseli:

Á loftmynd sést að selið er staðsett undir nýrri línu. Í skýrslunni segir jafnframt að engar fornleifar séu taldar í beinni hættu vegna framkvæmda á þessari leið. Í fornleifaskráningarskýrslu kemur hins vegar fram að rústum selsins stafi mikil tímabundin hættu vegna línulagnar. Fornleifavernd ríkisins telur að merkja þurfi rústirnar á meðan á framkvæmdum stendur til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá. Ef ekki verður komist hjá því að rústir selsins raskast við lagningu línanna þarf að rannsaka þær með fornleifauppgreftri áður en framkvæmdir hefjast.

Í kafla um mótvægisáðgerðir í matsskýrslu Suðvesturlína er tekið fram á bls 240 að:

Öryggi fornleifa verður tryggt á vettvangi með því að merkja þær, bæði fyrir og á meðan á framkvæmdum stendur. Ef ómögulegt reynist að komast hjá raski þeirra, t.d. í tilfelli fornna samgönguleiða, verður ráðist í viðeigandi mótvægisáðgerðir að ráði sérfræðings.

Tekið er undir það sem kemur fram í fornleifarskráningarskýrslu að minjunum stafi tímabundin hættu vegna línulagnarinnar en ef ábendingum Fornleifaverndar ríkisins er fylgt eftir og mótvægisáðgerðum einnig fylgt eftir ættu minjarnar ekki að verða fyrir hnjaski.

Minnt er á að þegar háspennulínunum var fjölgað í aðalskipulagi Hafnarfjarðar á sínum tíma var sá fyrirvari gerður um nákvæma legu línustæða að þeim verði hnikað til ef áður óþekktar fornminjar eða náttúruminjar koma í ljós við nánari athugun Hafnarfjarðarbæjar.

1.7.1.5 Útivist og ferðaþjónusta

Með fjölgun háspennulínanna og stærri möstrum mun sjónræn upplifun útivistarfólks á svæðinu rýrna mikið. Í matsskýrslu Suðvesturlína kemur fram að talsverð neikvæð áhrif verða á útivistarsvæði við Helgafell.

Í umsögn Hafnarfjarðarbæjar um matsskýrslu Suðvesturlína segir m.a. að neikvæðustu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu á útivist og náttúruupplifun. Á landssvæði Hafnarfjarðar í nágrenni línuleiðarinnar sé útivist og skipulögð ferðaþjónusta mest stunduð við Helgafell og Kaldársel og muni línurnar skerða mjög gildi útivistar og afþreyingar innan marka sveitarfélagsins.

Í álitni Skipulagsstofnunar á matsskýrslu Suðvesturlína kemur fram að ekki sé um að ræða raunhæfar mótvægisáðgerðir til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu.

Fjölgun háspennulína mun hafa talsvert neikvæð áhrif á útivist og ferðaþjónustu á svæðinu.

1.7.1.6 Dýralíf og gróður

Gróðurþekju er mestmegnis að finna í vestur- og austurhluta hlíðanna. Toppur undirhlíða er mestmegnis gróðurlaus melur, með einkenni bersvæðisgróðurs: melgróður og hnullungaskriða. Efsti toppur hlíðanna er um 170 m yfir sjávarmáli.

Ekki er gert ráð fyrir miklum áhrifum á gróður innan marka deiliskipulagsins í tengslum við fjölgun háspennulína þar sem nýju möstrin verða staðsett á móbergshryggnum, sem er að mestu gróðurlaus.

Á leiðinni milli Sandskeiðs og Hrauntungna ofan Hafnarfjarðar liggur í dag 220 kV lína en við bætast tvær 400 kV línur. Því mun leiðurum/línum fjölga frá því sem nú er og þeir liggja í mismunandi hæð frá jörðu. Meiri hættu er á áflugi þegar línurnar eru í mismunandi hæð. Meiri hættu virðist vera á áflugi meðal stærri fugla s.s. álfta en rannsaka þarf þetta betur hér á landi til að fá betri upplýsingar. Einnig virðist vera meiri hættu á áflugi í nágrenni við votlendi.

Innan deiliskipulagssvæðisins er ekkert votlendi og því aðallega um mófugla að ræða. Má því gera ráð fyrir að vatnafuglar fari lítið um svæðið og fuglalífi stafi minni hættu af línunum en ella. Skipulagsstofnun vekur athygli á, í sínum athugasemdum, að gamall varpstaður arna er í grennd við þessa línuleið s.s. í Helgafelli, en slíkir varpstaðir eru, að mati fuglafræðinga, afar mikilvægir þar sem ernir hafa smátt og smátt verið að nema land á gömlum varpstöðum á undanförunum árum.

Fjölgun háspennulína er talin hafa óveruleg áhrif á fugla vegna áflugs innan deiliskipulagsins.

1.7.1.7 Samlegðaráhrif

Fjölgun háspennulína er ekki eingöngu innan marka þessa deiliskipulags og eru áhrifin af framkvæmdinni í heild sinni því mun viðameiri. Niðurstaðan á umhverfismati deiliskipulagsins fyrir hvern lið er því ekki alltaf í samræmi við niðurstöðuna fyrir umhverfismat framkvæmdarinnar. Til dæmis eru áhrifin ekki talin neikvæð á jarðmyndanir innan deiliskipulagssvæðisins en þegar horft er á framkvæmdina í heild sinni mun hún hafa talsvert neikvæð áhrif á jarðmyndanir bæði innan marka Hafnarfjarðar og annara sveitarfélaga.

1.7.1.8 Núll kostur, núverandi ástand

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfispætti eru talin óveruleg. Með fjölgun háspennulína er, líkt og kemur fram í aðalskipulagi Hafnarfjarðar, stefnt að því að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf. Með óbreyttu ástandi má gera ráð fyrir neikvæðum áhrifum á afhendingaröryggi raforku í nánustu framtíð þar sem orkuflutningskerfið mun ekki anna flutningsþörf.

1.8 Vöktun

Tillaga að vöktunaráætlun er sett fram í matsskýrslu Suðvesturlína. Þau atriði sem mögulega eiga við innan deiliskipulagssvæðisins Undirhlíðar eru eftirfarandi:

- Slóðir verða vaktaðar í 5 ár frá byggingu línunnar með tilliti til úrrennslis. Verkið verður unnið af starfsmönnum Landsnets og úrrennsli lagfært af þeim.
- Fylgst verður með uppgræðslu á jarðraski í 5 ár frá byggingu línunnar. Eftirlitið verður unnið af starfsmönnum Landsnets, í samráði við viðkomandi sveitarstjórnir, og leitað ráða hjá gróðursérfræðingum um val á frætegundum.

1.9 Tengsl við aðrar áætlanir

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi er í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins. Engin aðliggjandi deiliskipulög eru á svæðinu.

1.9.1 *Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025*

Hér á eftir er umfjöllun úr gildandi Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, hvað varðar háspennulínur. Nánari umfjöllun er að finna í greinargerð aðalskipulagsins.

Rafmagn

HS veitur sjá um dreifingu rafmagns í Hafnarfjarðarbæ að frátöldu rafmagni til álversins í Straumsvík, sem Landsnet sér um dreifingu til.

.... Búrfellslína 3B liggur til suðausturs áleiðis að Sandskeiði. Landsnet fyrirhugar að leggja til viðbótar tvær 400 kV línur til að tengja Hamranes við Brennimef og Kolviðarhól vegna virkjana á Hellisheiði. Með þessu er stefnt að því að auka afhendingaröryggi raforku á svæðinu og styrkja orkuflutningskerfið til að anna framtíðarflutningsþörf vegna aukinnar orkuframleiðslu, atvinnuuppbyggingar og þjónustu við dreifiveitur. M.a. hugmyndum um stóriðju á Suðurnesjum og frekari virkjanahugmyndum á svæðinu. Þessar línur verða lagðar í nýtt línustæði að tengivirkinu í Hrauntungum....

1.9.1.1 Umhverfisskýrsla aðalskipulags Hafnarfjarðar 2013-2025

Minjar og landslag; verndarsvæði, landslag/ásýnd, jarðmyndanir, jarðefni, jarðvegur, náttúru- og menningarminjar.

Viðmið:

Sjónræn og önnur áhrif flutningskerfa sé takmörkuð eins og kostur er (ORK).

Við hönnun, skipulag og byggingaframkvæmdir á viðkvæmum stöðum, svo sem í lítt snortinni náttúru eða landslagi menningarminja, skal viðhafa sérstaka aðgæslu sem tryggi að sjónrænt yfirbragð hins manngerða umhverfis rýri sem minnst hlut náttúrunnar í heildarmyndinni (MAN).

1.10 Samantekt og niðurstaða

Niðurstaða þessarar umhverfisskýrslu er sú að breytingin muni hafa í för með sér óveruleg áhrif á grunnvatn og verndarsvæði, jarðmyndanir, minjar og dýralíf og gróður en talsvert neikvæð áhrif á landslag og sjónræn áhrif og útivist og ferðapjónustu.

Áhrif núverandi ástands á alla umhverfisþætti eru talin óveruleg fyrir utan neikvæð áhrif á afhendingaröryggi raforku á svæðinu í nánustu framtíð.

Samantekt um umhverfisáhrif má sjá í töflu hér að neðan.

<i>Umhverfisþættir</i>	<i>Landslag og sjónræn áhrif</i>	<i>Grunnvatn / verndarsvæði</i>	<i>Jarðmyndanir og gróður</i>	<i>Minjar</i>	<i>Útivist og ferðapjónusta</i>	<i>Dýralíf og gróður</i>
<i>Nýjar háspennulínur</i>	-	0	0	0	-	0
<i>Núll kostur, núverandi ástand</i>	0	0	0	0	0	0